



Ísafirði, 28. nóvember 2018.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
netfang - nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023, þingskjal 173 - 172. mál á 149. löggjafarþingi.

Rétt þykir að vekja athygli á að hvergi virðist nefnt eða gert ráð fyrir fjármagni til uppsetningar á búnaði til útsendinga útvarps í sex af þeim bráðlega 11 veggöngum sem ætluð eru eða verða almennri umferð á næstu tveimur árum. Þá er ekki kunnugt um að nein vinna sé í gangi til undirbúnings uppsetningu slíks búnaðar í eldri göngum.

Í töflunni hér að neðan þar sem göngin eru talin réttisælís um landið eru tilgreind þau veggöng sem nú eru í notkun eða verða innan tveggja ára, meðaldagsumferð árin 2016 og 2017 og gróflega áætlaður kostnaður við uppsetningu búnaðar til útsendinga útvarps. Gráar línur tiltaka göng þar sem búnaður til útsendinga útvarps er til staðar eða ákveðið hefur verið að verði settur þar upp.

	Veggöng	Lengd í m (með vegskálum)	Meðalumferð á dag 2016	Meðalumferð á dag 2017	Áætlaður kostnaður
1	Hvalfjarðargöng	5.770	6404	6959	
2	Bolungarvíkurgöng	5.400	882	946	10 m.kr. (1
3	Göng undir Breiðadals- og Botnsheiði (þriggja arma, tveir þeirra einbreiðir með útskotum)	9.120 samtals	Í tvíbreiða hlutanum 643	Í tvíbreiða hlutanum 668	60 m.kr.
4	Strákagöng (einbreið með útskotum)	800	313	321	12 m.kr
5	Héðinsfjarðargöng (tvenn göng)	11.000 samt.	721	726	20 m.kr.
6	Múlagöng (einbreið með útskotum)	3.400	673	692	30 m.kr.
7	Norðfjarðargöng	7.910	0	Tekin í notkun nív. 2017	
8	Fáskrúðsfjarðargöng	5.900	704	730	12 m.kr.
9	Almannaskarðsgöng	1.300	601	630	5 m.kr.
10	Dýrafjarðargöng - tekin í notkun 2020	5.300	0	0	?
11	Vaðlaheiðargöng - tekin í notkun 2019	7.200	0	0	?
					154 m.kr.

(1 Þess má geta að búnaður í Bolungarvíkurgöngum var fjármagnaður og settur upp fyrir tilstilli Samgöngufélagsins og samningur gerður um afnot hans til tveggja ára frá desember 2017. Kostnaður var um 10 m.kr. Eftir því sem best er vitað er mikil ánægja með að ná megi útsendingum í göngunum.

Þótt ekki sé annað vitað en GSM-símsamband sé í flestum ef ekki öllum veggöngum hér hentar sú leið mörgum ekki vel til að hlusta á útvarp þótt tæknilega sé það hægt ef styrkur sambandsins er nægilegur. Að ná útsendingum útvarps beint er hins vegar til mikilla þæginda fyrir flesta vegfarendur, ekki síst þá sem fara daglega umgöng, t.d. til og frá vinnu og almennt til þess fallið að auka öryggistilfinningu vegfarenda ekki síst í göngum eins og Múlagöngum og Vestfjarðagöngum sem eru einbreið. Einnig ætti búnaðurinn að geta nýst vel skapist eitthvert það ástand að ná þurfi til vegfarenda án þess að komist verði til þeirra


enda býður hann upp á svokallað innákalli, e. hægt er komast inn í útvarpsútsendingar innan ganganna og koma sérstökum skilaboðum á framfæri þar.

Ekki er annað vitað en búnaður til útvarpsútsendinga sé í öllum þeim fjölmörgu veggöngum sem eru í Noregi og Færeyjum enda skylt að hafa hann þar og hann hluti af öryggisviðbúnaði ganganna þótt ekki sé það svo hérlendis.

Er eindregið hvatt til að gerð verði áætlun um uppsetningu útsendingarbúnaðar fyrir útvarp í öllum veggöngum hérlendis og lagt til að unnin verði áætlun innan ramma fimm ára samgönguáætlunar um að ljúka uppsetningu þessa búnaðar fyrir öll göng og virkja búnaðinn sem öryggistæki. Sem sjá má er tiltölulega ódýrt að koma upp búnaði í Héðinsfjarðargöngum, Fáskrúðsfjarðargöngum og göngum undir Almanna-skarð, en í þessum göngum er til staðar grunnbúnaður (kapalstrengur - svonefndur lekur koaxstrengur) sem er nauðsynleg forsenda þess að dreifa megi útsendingum útvarps. Slíkur strengur er ekki til staðar í einbreiðu veggöngunum, en hann er langdýrasti hlut þess búnaðar sem þarf til að ná megi útsendingum útvarps. Þyrfti því að koma honum fyrir þar og því er talsvert meiri kostnaður við að setja upp nauðsynlegan búnað þar en þörfin að sama skapi meiri þar sem um einbreið göng er að ræða og erfiðara að komast um ef eitthvað kemur upp á.

Treyst er á að útvarp muni nást í öllum veggöngum hérlendis í síðasta lagi í lok áætlunartíma fimm ára samgönguáætlunar 2023 og við verðum jafnsett hvað þetta varðar og nágrannaþjóðir okkar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samgöngufélagsins



fyrirsvarsmáður